

Sp.

296. Tillaga til þingsályktunar

um raforkuveitu til Hafnarfjarðar og um undirbúning á öðrum raforkuveitum.

Frá atvinnumálaráðherra.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni:

1. að ábyrgjast gagnvart Reykjavíkurborg, ef hann tekur að sér að koma upp raforkuveitu til Hafnarfjarðar, til þess að veita þangað háspenntri raforku frá Sogsvirkjuninni og að starfrækja veituna til bráðabirgða, að þeim, sem síðar kynni að hljóta rétt til orkuflutnings á þessu svæði, verði gert skylt, er hann hefir öðlazzt réttinn, að taka við línunni ásamt tilheyrandi mannvirkjum og endurgreiða Reykjavíkurborg útlagðan kostnað, að frátalinni eðlilegri fyrningu, enda sé þá Reykjavíkurborg skylt að afhenda þeim aðilja línuna. Á sama hátt sé ríkissjóði heimilt að taka við línunni og Reykjavíkurborg skylt að láta hana af hendi, ef ríkisstjórnin óskar þess.

Ríkisstjórnin gerir þá samninga, sem þörf er á, við Reykjavíkurborg og Hafnarfjarðarkaupstað um afnot af Vífilsstaðalínunni og um önnur atriði, sem til greina koma í þessu sambandi, og skal ríkisstjórninni heimilt, ef eigi takast samningar um þessi efni, að leggja sjálf línuna og starfrækja hana.

2. að verja fé til nauðsynlegra undirbúningsrannsókna á raforkuveitum út frá Sogsvirkjuninni sunnanlands og virkjun Laxár úr Mývatni norðanlands og á raforkuveitum einstakra kaupúna, þar sem brýn nauðsyn er orðin á að láta framkvæma nýjar virkjanir, aukningar eða endurbætur, enda verði kostnaður af rannsóknum þessum talinn til stofnkostnaðar raforkuveitnanna og endurgreiðist ríkissjóði þegar þær verða gerðar.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi er flutt að fengnum tillögum rafmagnseftirlits ríkisins og raforkumálanefndar þeirrar, sem skipuð var í byrjun þessa árs samkvæmt lögum nr. 28 23. júní 1932, um undirbúning á raforkuveitum til almenningsþarfa.

Af þeim aðallinum út frá Sogsvirkjuninni, sem ráðgerðar eru, er Hafnarfjarðarlinan sú, sem mest kallar að, bæði sökum þeirrar nauðsynjar, sem kaupstaðnum er á mikilli og ódýrri orku, og vegna þess, að hér er um mikilsverðan markað að ræða fyrir orku Sogsvirkjunarinnar. Er hin mesta nauðsyn, að línan til Hafnarfjarðar verði gerð þegar á þessu ári þannig, að hún geti tekið til starfa í byrjun næsta árs.

Raforkumálanefnd var m. a. fengið það verkefni, að gera tillögur til löggjafar um tilhögun á stjórn og eignarumráðum raforkuveitna um Suðvesturlandið. Raforkumálanefnd mun að vísu hraða störfum sínum svo sem unnt er, og mun gera sér far um að hafa skilað álit og tillögum um þessi efni svo snemma, að þær geti komið fyrir næsta Alþingi, enda þótt það kunní að koma saman síðar á þessu ári. En nefndinni er ógerlegt að skila álit svo snemma, að unnt sé að afgreiða lög um þessi efni á því þingi, sem nú situr. Mundi þetta væntanlega verða þess valdandi, að lína til Hafnarfjarðar kæmist ekki upp á þessu ári, nema sérstakar ráðstafanir verði gerðar.

Ríkissjóður á nú háspennulínu, sem liggur frá Elliðaárstöð til Vífilsstaða, og væri þá hugsanleg sú leið, að ríkissjóður létí á sinn kostnað leggja viðbót við þá línu áfram til Hafnarfjarðar, starfræki hana til bráðabirgða, þar til öðruvísi yrði ákveðið um eignarumráð þeirrar veitu, kaupi raforku af Sogsvirkjuninni við Elliðaárnar og selji rafveitu Hafnarfjarðarkaupstaðar hana í aðveitustöð við kaupstaðarmörkin. Hefir verið gerð áætlun um slíka bráðabirgðaveitu, og er áætlunarupphæðin um 80000 krónur, miðað við verðlag, sem nú er á erlendu efni.

En svo sem kunnugt er, var ekki í fjárlögum þessa árs veitt neitt fé í þessum tilgangi, og er því ekki heimild til fyrir ríkisstjórnina að koma upp og starfrækja

raforkuveitu til Hafnarfjarðar. Hefir því verið athugað, hvort komið gæti til mála, að Reykjavíkurborganna annaðist um að koma upp háspennulinu til Hafnarfjarðar og starfrækja hana til bráðabirgða, enda yrði kaupstaðnum tryggt, að þegar öðruvisi skipast um þessi mál, verði því fyrirtæki, sem þá tæki að sér orkuflutning á þessu svæði, gert að taka að sér línuna með tilheyrandi mannvirkjum, Reykjavíkurborganna að skaðlausu. Hefir raforkumálanefnd gert fyrirspurn til bæjarráðs Reykjavíkur um þetta, og hefir það samþykkt fyrir sitt leyti að mæla með því, að Reykjavíkurborganna leggi þessa línu til bráðabirgða, ef það er nauðsynlegt til þess að hún komist upp þegar á þessu ári, enda náist samningar um afnot af Vífilsstaðalínu, svo og um önnur atriði, sem til greina koma í þessu sambandi, og fullnægt sé þeim skilyrðum, sem kaupstaðurinn telur sig verða að setja til tryggingar því, að hann hafi ekki fjárhagslegt tjón af lagningu og rekstri línunnar.

Eins og kunnugt er, hafa verið gerðar frumáætlanir um nokkrar helztu raforkuveitur út frá Sogsvirkjuninni, og auk þess fullnaðarmælingar og uppdrættir Hafnarfjarðarveitu. Er nú talið nauðsynlegt að halda þessum undirbúningi áfram og gera einnig fullnaðarmælingar og uppdrætti af hinum línunum, til þess að forðast að standi á þeim undirbúningi, þegar ákveðið hefir verið að ráðast í framkvæmd verksins. En mælingar að slíkum línunum er ekki hægt að gera nema að sumri til, og er ekki hægt að koma línunni upp fyrir en á næsta sumri eftir að mælingin fór fram. Í þessu sambandi skal tekið fram, að aðalveitur út frá Sogsvirkjuninni, auk rafmagnsveitu Reykjavíkur, yrðu: 1. Veita frá Ljósafossi um Selfoss til Eyrarbakka og Stokkseyrar og austur um Rangárvallasýslu til Vestmannaeyja. 2. Veita frá Elliðaám um Hafnarfjörð til Keflavíkur og annara sjávarþorpa á Reykjanesskaga. 3. Veita frá aðallínunni í Mosfellssveit um Kjalarnes yfir Hvalfjörð til Akraness og Borgarness.

Sýslunefndir Eyjafjarðar- og S.-Þingeyjarsýslu hafa báðar sent erindi til ríkisstjórnarinnar, þar sem þess er farið á leit, að hún láti athuga og gera áætlanir um raforkuveitu um sýsluna út frá hinni fyrirhuguðu virkjun Laxár úr Mývatni handa Akureyrarkaupstað. Jafnframt hefir frá bæjarstjóra Siglufjarðarkaupstaðar komið beiðni um, að athugað verði, hvort ekki kynni að reynast hagkvæmara, að Akureyri og Siglufjarðarkaupstaður ásamt báðum sýslunum væru saman um eina stóra virkjun og sameiginlega raforkuveitu, heldur en að hvor kaupstaðurinn sé með sína virkjun út af fyrir sig. — Hér er um að ræða tvær stórar og allþéttbýlar sýslur, sem liggja að tveimur kaupstöðum. Í sýslunum eru auk þess nokkur allstór kaupsýslur. Það er fyrirfram sjáanlegt af öllum staðhættum, að raforkumál beggja sýslanna og kaupstaðanna hljóta í framtíðinni að verða meira og minna samtvinnuð. Þannig hefir t. d. Suður-Þingeyjarsýsla gnægð af virkjanlegu vatnsafl, en fólksfjöldinn hinsvegar og þéttbýlið meira í Eyjafjarðarsýslu, og þar liggja báðir kaupstaðirnir, en í þeirri sýslu er lítið um hentugt vatnsafl. Næst á eftir Suðvesturlandinu liggur enginn annar landshluti eins vel við stórra samveitu og samvirkjun eins og þessar tvær sýslur, að kaupstöðunum meðtöldum. Það er því full ástæða til, að raforkuveitumál þessa landshluta verði tekin til athugunar í heild. Nú hafa þegar verið gerðar áætlanir um virkjanir helztu fallvatna, sem til greina koma á þessu svæði. Er þá næst fyrir hendi að rannsaka og gera áætlanir um raforkuveitur um héruðin og að athuga, hvernig samvinnu milli þeirra í þessum málum skuli háttáð. Hinar fyrstu áætlanir um þessar raforkuveitur má gera að mestu eftir uppdráttum herforingjaráðsins danska, þannig að litlu eða engu þurfi að kosta til mælinga.

Loks eru nokkrir staðir, sem liggja fjarri báðum þessum veitusvæðum og ekki er að vænta, að komist í samband við stærri samveitur, en þar sem hinsvegar er orðin hin brýnasta nauðsyn á aukinni og ódýrri raforku. Reynslan hefir sýnt, að þar sem þannig stendur á, hættir sveitarfélögunum einatt til að vanrækja undirbúningsrannsóknir, sökum þess, hve takmarkað fé þau hafa með höndum, þar til í eindaga er komið með undirbúninginn, og er þá venjulega ráðizt í framkvæmd verksins án hans, en af því hljótast ýms mistök. Er því full nauðsyn til þess, að ríkið veiti sveitarfélögum stuðning til hinna nauðsynlegru undirbúningsrannsókna. Nú er þetta að vísu mál, sem raforkumálanefndin væntanlega mun taka til athugunar og gera tillögur um, en tilgangurinn með þessu atriði þingsályktunartillögunnar er, að leita heimildar til þess að láta nú þegar undirbúningsrannsóknir fara fram á þeim stöðum, þar sem ríkisstjórnin telur, að þess sé orðin brýn þörf.